

## T I L L A G A

til þingsályktunar um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum  
vegna endurheimtar votlendis og skógræktar  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur

Frsm.: Axel Árnason Njarðvík

Kirkjuþing ályktar að þegar verði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Úttekt þeirri skal lokið fyrir kirkjuþing haustið 2020. Jafnframt verði í þeirri úttekt hugað að umhverfisvænum virkjunarkostum, þar sem það á við.

Í framhaldinu (haust 2020) verði lögð fyrir kirkjuþing ályktun þar sem þjóðkirkjan skuldbindur sig með verkefnaáætlun til 10 ára hvar skuli ráðast í skógrækt og/eða endurheimt votlendis og skuli verkefninu vera lokið haustið 2030.

Sú tímasetning tekur mið af IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018 (sjá <https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.ipcc.ch%2Fsr15%2F&data=02%7C01%7Cragnhildurbe%40biskup.is%7Cd0a7f32dc4324c90242608d756df6bc8%7Cd1f7c3e185044fbab3d3d55cdeccfe4a%7C1%7C0%7C637073389903184499&data=tjtkVHHxVH3155Zw8KFB8SxHXrWhCVSpPW6baa3EtMA%3D&reserved=0>) þar sem fram kemur að jarðarbúar hafi tíu ár til viðsnúnings í loftslagsmálum til að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 1,5 gráður.

### *Greinargerð.*

Samkvæmt skýrslu millipinganefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC 2018) hafa þjóðir heimsins 10-12 ár til að snúa þróuninni við í loftslagsmálum. Að öðrum kosti er hætt við að hitastig í andrúmsloft jarðar fari yfir ákveðinn þröskuld (1,5 gráðu hækkun hitastigs miðaða við fyrir iðnbyltingu) þannig að erfitt geti reynst að snúa þróuninni við. Um þetta eru nokkurn veginn allir vísindamenn sammála og byggja það mat á ótal rannsóknum á lífríki og náttúru.

Þess vegna þurfa allir jarðarbúar að taka til hendinni í loftslagsmálum. Flestar kristnar kirkjur hafa brugðist við með að efla sitt umhverfisstarf og Frans páfi hefur orðað þetta þannig að náttúran sé „sá náungi minn“ sem mest þarf á okkar stuðningi að halda nú

um stundir. Það er því siðferðileg ábyrgð þjóðkirkjunnar að bregðast við með ákveðnum hætti þar sem verk eru látin tala en ekki orð.

Íslenska þjóðkirkjan á enn töluvert mikið land, þar af nokkrar stórar jarðir. Hér er lagt til að það fari fram greining á þessu landi og jörðum í eigu kirkjunnar með það að markmiði að skilgreina hvaða svæði mundi henta til skógræktar og/eða endurheimtar votlendis. Þegar slíkt greining liggur fyrir verði gerð 10 ára áætlun (í samræmi við IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna) um að hrinda í framkvæmd þeirri skógrækt og endurheimt sem niðurstaða greiningarinnar leiðir í ljós.

Kostnaður við fyrsta stig þessarar aðgerðar, þ.e. sjálfa landgreininguna, er ekki mikill enda nú þegar til upplýsingar og gagnagrunnar í vörslu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Á grunni þeirra upplýsinga má gera grófa greiningu á verkefninu. Landgræðslustjóri hefur þegar lýst sig viljugan að leggja til starfskraft til þessa verkefnis án kostnaðar af hálfu kirkjunnar. Ætla má að Skógrækt ríkisins taki líka vel í að leggja fram slíkar upplýsingar. Kostnaður til framtíðar verður meiri, en á móti kemur að fjármögnun verkefna af þessu tagi er í hraðri þróun og opinber stuðningur fer vaxandi við verkefni af þessu tagi (Votlendissjóður og t.d. bændaskógar).

Áætlaður kostnaður á næsta ári (ferðir, keypt vinna) kr. 500.000.